

Hverfisráð Raufarhafnar 15. júlí 2020 kl 17:00 Mættir voru Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Ragnar Tómasson og Bergdís Jóhannsdóttir einnig sat fundinn Nanna Höskuldsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Frumherji hefur ákveðið að hætta þjónustu á Kópaskeri og nágrenni eftir að starfsmaður Frumherja á Húsavík hættir störfum. Samstarfssamningi við verkstæðið Röndin á Kópaskeri hefur verið sagt upp.

Hverfisráð Raufarhafnar harmar þá ákvörðun Frumherja að hætta bifreiðaskoðun á Kópaskeri og hvetur stjórnendur fyrirtækisins að endurskoða hana. Íbúar Kópaskers, Raufarhafnar og nágrennis þurfa eftir þetta að aka um langan veg eða 260 km, og taka sér frí úr vinnu a.m.k. í einn dag til að láta skoða ökutæki sín, sem er óboðlegt. Einnig er staðan hjá vertökum með vörubíla bagaleg hvað þetta varðar.

Hverfisráð Raufarhafnar óskar eftir því að sveitastjórn komi þessum mótmælum á framfæri og aðstoði íbúar við þetta brýna mál, einnig að leita til annara aðila sem mögulega gætu sinnt þessari þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.
2. **Tjaldstæði:** Það sem ef er sumri hefur tjaldstæðið verið mjög vel nýtt en misbrestur hefur verið á því að gestir geti greitt fyrir þjónustuna þar sem starfshlutfall / vinnutími starfsmanns er þannig uppsett að það hentar ekki alltaf, þar sem gestir eru að koma og fara seint að kvöldi og fara snemma. Fyrir vikið er innkoma minni en raunveruleg nýting tjaldstæðis.

Starfsmenn hafa sett upp greiðsluupplýsingar en það er ekkert sem stoppa gesti í að fara burt án þess að greiða og því miður er það raunin í einhverjum tilvikum.

Komin er tími á viðhald á ýmsum þáttum á tjaldstæðinu, sturtu og vaskaaðstöðu, túnið sjálft er lélegt á köflum og eins vantar fleiri tengla fyrir rafmagn. Nauðsynlegt er að útbúa losunarpró fyrir ferðavagna á eða við tjaldstæðið og óskar hverfisráð eftir því að skoðað verði að nýta rotpró sem sett var niður við skólann samhliða þessa án mikils tilkostnaðar.

Hverfisráð óskar eftir því að framtíðarlausn verði fundin sem fyrst fyrir sumarið 2021 er varðar tjaldstæðið, það verður að ráða inn starfsmann sem sinnir tjaldstæðinu á þeim tíma sem gestir eru að koma og fara eða skoða aðrar lausnir ss útböð.
3. **Framkvæmdir í sundlaugar rými.** Hverfisráð lýsir furðu sinni á að ekki séu gler í neðri hluta gluggana sem settir voru í vor. Gluggarnir eru bjartir og fallegir, góð loftun í rýminu góð en útsýnismálin eru bagaleg og skerðist allt útsýni verulega. Þegar gestir eru í lauginni eða pottinum sést ekkert nema heiður himinn, þar sem þetta er inni sundlaug skiptir þetta gríðarlegu máli fyrir gesti að sjá út. Hverfisráð vonast til þess að hægt verði að bæta úr þessu sem allra fyrst. Samhliða þessu vonast hverfisráð til þess að unnið verði hratt og vel að hljóðvistunarmálum í rýminu, svo að ekki hljótist skaði af.
4. **Ærslabelgur:** Hverfisráð ítrekar ósk sína vegna ærslabelgs á Raufarhöfn. Og reiknar með að gert sé ráð fyrir honum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Slíkir belgir voru settir upp á Kópaskeri og á Húsavík sumarið 2019
5. **Hafnarmannvirki:** Hverfisráð vekur athygli á því að viðhald á bryggjum á Raufarhöfn er verulega ábótarvant og þarf nauðsynlega að koma endurbótum í farveg sem fyrst.
6. **Áætlun 2021** Hverfisráð ítrekar fyrri óskir sínar um að haft verði samtal og samstarf þegar starfsmenn Norðurþings fara að vinna fárhags og framkvæmdaráætlun fyrir árið 2021.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:15

